

Nd.

128. Frumvarp

til laga um stofnun alþýðuskóla á Eiðum.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, B. R. Stefánsson, Jón Jónsson,
Þorleifur Jónsson og Þorsteinn M. Jónsson.

1. gr.

Á Eiðum skal stofnaður alþýðuskóli með 2 bekkjum, fyrst um sinn, og miðaður við 2—3 vetra nám. Skal hann samskóli, jafnt fyrir konur sem karla.

Jafnframt leggja Múlasýslur niður búnaðarskóla þann, sem þar hefir verið, og afhenda landssjóði eignir hans allar fastar og lausar, Eiðastólseignir, skólabú, búsaðhöld og byggingar, ásamt skuldum þeim og kvöðum, sem á eigninni hvíla og Múlasýslum hennar vegna á afhendingardegi. Afhending fer fram í fardögum 1918 og eftir ákvörðun sameiginlegs sýslufundar Múlasýslna 2. júlí 1917.

Skilyrði fyrir afhendingunni er, að landssjóður starfræki framvegis á Eiðum, eða á öðrum hentugum stað í Múlaþingi, vel út búinn æðri alþýðuskóla, er samsvari kröfum tímans.

2. gr.

Skólinn skal að öllu rekinn á kostnað landssjóðs, enda setji landsstjórnin honum starfsreglur og hafi hans öll ráð.

3. gr.

Kenslugreinar skulu fyrst um sinn þessar: Íslenska, saga, stærðfræði, náttúrufræði, náttúrusaga, landafræði, fjelagsfræði, bókfærsla, danska, hegð, söng-

ur, leikfimi. Auk þess skulu nemendur í 2. bekk, og 3. ef honum verður síðar við bætt, eiga kost á tilsögn í ensku.

Enn fremur skal haust og vor haldið búnaðarnámskeið við skólann 3—4 vikur og fyrirlestraskeið um 8 daga nær miðjum vetri fyrir almenning.

Á búnaðarnámskeiðunum skal einkum lögð áhersla á jarðrækt og smíðar, hússtjórn og mjólkurmeðferð.

4. gr.

2 fastir kennarar skulu skipaðir við skólann, skólastjóri með 2600 króna og aðstoðarkennari með 2000 króna árslaunum. Skólastjóri hafi auk þess leigulaus 2 herbergi til íbúðar, en aðstoðarkennari 1, hvortveggi með hita og ljósi. Auk þessa skal sjeð fyrir nauðsynlegri tímakenslu og búnaðarkenslu við námskeiðin haust og vor, annað hvort með aðstoð forstöðumanns gróðrarstöðvar þeirrar, sem á Eiðum er, eða á annan veg.

5. gr.

Skólaárið telst frá 20. október til 10. maí, en búnaðarnámskeiðin á undan og eftir. Frjálst skal nemendum skólans að sleppa búnaðarnámskeiðunum eftir vild; eins skal utanskólamönnum heimilt að nota þau, þegar þeir geta komist að vegna reglulegra nemanda.

6. gr.

Burtfararpróf skál haldið í lok hvers skólaárs fyrir þá, sem lokið hafa námi, og eiga þeir heimtingu á prófskirteini um kunnáttu í öllum skyldunámsgreinum. En sjerstakar einkunnir skal gefa um kunnáttu í útlendum tungumálum og um búnaðarþekkingu, ef óskað er.

Ákvæði til bráðabirgða.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. júní 1918, að lokinni afhendingu Eiðastóls eignar, svo sem segir í 1. gr. Þó skal landsstjórninni heimilt, meðan heimsstyrjöldin stendur, að reka skólann á hvern þann hátt, sem hentast þykir, eða jafnvel að láta kenslu að einhverju leyti niður falla.

Greinargerð.

Búnaðarskóli sá, sem Múlasýslurnar hafa stofnað og starfrækt á Eiðum að undanfögnu, hefir eigi hlotið þá hylli eða aðsókn, sem vænta mátti, einkum síðan sjávarsveitunum í Suður-Múlasýslu óx fiskur um hrygg og sjávaratvinna varð þar yfirgnæfandi. Hins vegar hefir óskín um æðri alþýðuskóla verið almenn í Múlasýslum, skóla, sem veitti almenna fræðslu og byggi nemendur undir hvers kyns störf í þjóðfélaginu.

Út af því hafa sýslunefndir beggja Múlasýslna, sem nú eiga skólann,

komið sjer saman um að bjóða landssjóði skólæignina alla til eignar, jarðir og lausafje, með skilyrðum þeim, sem felast í 1. gr. þessa frumvarps, og virðist eðlilegra að landið starfræki þarna fyrirhugaðan alþýðuskóla, eins og í öðrum landsfjórðungum, en að hann sje rekinn af einstökum mönnum eða hjeruðum.

Ráðgert er að eignin verði afhent eftir mati hæfra manna, sem landsstjórnin nefnir til, og þykir sýnt, að hún með sanngjarnlegri virðingu verði eigi undir 100,000 króna. Ætti því landssjóði eigi að vera bundin þung byrði með kaupum þessum.

Eignir stólsins eru sem næst þessar:

1. Jörðin Eiðar	22.97	hdr.	(jarðamat 1861).
Hjáleigan Ormsstaðir	9.68	—	—
— Gröf	10.00	—	—
Jörðin Hóll	18.12	—	—
— Hólsbjáleiga	14.83	—	—
— Þuríðarstaðir	3.2	—	—
— Tókastaðir	9.5	—	—
<hr/>			
Alls	88.30	—	í jörðu.

2. Nálægt 400 fjár.

10—12 stórgripir.

3. Húseignir virtar kr. 41,000,00 (gömul virðing).

4. Kensluáhöld, bækur, búslóð o. s. frv., virt kr. 6,600,00 (einnig gömul virðing).

Á eignum þessum hvila skuldir, hjer um bil 10 þús. kr., aðallega vegna skólahússbyggingar, og er afborgun þeirra og vextir árlega sem næst 2200 krónum.